



Alþingi  
Erindi nr. P 138/2353  
komudagur 18.5.2010

# Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri 17. maí 2010.

Efni: umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði.


Með tölvubréfi, dags. 14. maí 2010, barst Jafnréttisstofu beiðni frá menntamálanefnd um umsögn um 271. mál, þskj. 312, lþ. 138, tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Tillagan snýst um það að mennta- og menningarmálaráðherra yrði falið að kanna hvort hægt sé að nota LÍN til þess að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði með kerfi þar sem fólk væri hvatt til þess að stunda nám í greinum þar sem kynjahlutfall viðkomandi er lágt.

Jafnréttisstofa fagnar því að tillaga komi fram sem lýtur að því að grípa til aðgerða til þess að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Vinnumarkaðurinn á Íslandi er mjög kynskiptur og er það afleiðing af kynskiptu námsvali. Það er því brýnt að grípa til aðgerða til þess að breyta stöðu kynjanna á íslenskum vinnumarkaði. Eins og bent er á í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni er möguleiki, skv. jafnréttislögum nr. 10/2008, að beita sértækum aðgerðum til þess að jafna stöðu kynjanna. Hvort sú leið sem stungið er upp á hér, til þess að jafna stöðu kynjanna í námsgreinum þar sem annað kynið er ráðandi, að nota LÍN með einhverjum hætti til þess að veita fólki ívilnun í tengslum við lántöku, er sú sem ætti að fara skal ósagt látið. Það þyrfti að fara varlega í það þar sem LÍN er ætlað að jafna möguleika fólks til náms og nauðsynlegt að velja því upp hvort jafnræðisregla leyfir mismunandi lánakjör frá hinu opinbera. Hins vegar mætti benda á aðrar leiðir, svo sem, að ríkið myndi veita styrki, til dæmis í gegnum háskólana, til fólks sem velur sér nám sem er óhefðbundið fyrir kyn þess.

Jafnréttisstofa tekur undir það að skoðaðar verði leiðir til þess að ná því markmiði sem stefnt er að með þessari þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst  
f. h. Jafnréttisstofu

  
Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur